

---

Reykjavík 28.10.2020


**Til Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.**

Efni: Ósk um þróunarlóð að Fitjabraut 5-7

Smáragarður ehf óskar hér með eftir að fá lóðunum að Fitjabraut 5-7 úthlutað skv. lið 3.4 í reglum um lóðaúthlutanir Reykjanesbæjar undir byggingarvöruverslun BYKO og mögulega aðra starfsemi sem fellur að þeim rekstri. Náist samningar þar um er það ósk Smáragarðs að hefja þróun á reitnum sem fyrst í samráði við skipulagsyfirvöld bæjarins. Reiknað er með sameiningu lóðanna tveggja og byggingarreita.

Smáragarður er fasteignafyrirtæki með öflugra fjárhagsstöðu sem á og rekur m.a. flestar fasteignir verslana BYKO. Aðalstarfsemi er þróun og útleiga fasteigna og lóða, ásamt byggingaframkvæmdum. Fyrirtækið hefur staðið fyrir verulegri uppbyggingu fasteigna undanfarin ár, en á vefsíðu fyrirtækisins [www.smaragardur.is](http://www.smaragardur.is) má kynna sér nánar sögu Smáragarðs. Þess má geta að Smáragarður er að fullu í eigu Norvikur hf og er þar af leiðandi systurfyrirtæki BYKO ehf.

F.h. Smáragarðs ehf



Jóhann Sigurðsson, arkitekt  
Tendra ehf arkitektar